

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., sbr. reglugerðir nr. 313/1997 og 603/1997.

1. gr.

Staflíður a í 5. gr. orðist svo:
Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn 12.000

2. gr.

Staflíður c í 5. gr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, öðlast gildi 1. febrúar 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. október 1998.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 643

28. október 1998

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 6. október 1998 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi.

Í breytingunni felst ný uppbygging á svæðinu s.s. bygging andahúss á landbúnaðarsvæði og sláturhúss á iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. október 1998.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 644

30. október 1998

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 14. október 1998 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi á reitum 3, 5 og 6 í Sölum. Á reit 3 er gert ráð fyrir leikskólalóð, hverfisþjónustu, m.a. verslun á reit 5 og íbúðarbyggð á reit 6. Uppdráttur í mkv. 1:1000 dags. 1. júní 1998 ásamt greinargerð. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 31. ágúst til 28. september 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Kópavogi, 30. október 1998.

Birgir H. Sigurðson skipulagsstjóri.